

**47** fyrir lífsfjárvonina, og muni honum þá verða veitt uppbót fyrir hana samkvæmt 10. gr. í reglugjörð stofnunarinnar frá 29. desbr. 1870<sup>1</sup>, með því skilyrði, að skirteinið fyrir hinni nýju lífsábyrgð verði fengið fjárhagsstjórninni til varðveislu með þeim kostum, er til eru teknir í auglýsingu fjárhagsstjórnarinnar frá 25. febr. 1871<sup>2</sup>.

Það sem að framan er skráð, læt jeg ekki undan falla að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

**48** — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um endurborgun á* 21. febr. *vínfanga- og tóbaksgjaldi.* — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað erindi, þar sem Pjetur Fr. Eggerz, kaupmaður á Borðeyri, kvartar undan því, að heimtað hafi verið af sjer aðflutningsgjald samkvæmt lögum frá 11. febr 1876, af vínföngum og tóbaki, er komið hafi með skipinu «Amalie» að Borðeyri og skjöl hafi verið sýnd fyrir í sama mund og verið var að þinglýsa lögnum á manntalsþingi í þeirri þinghá, er skipið hafnaði sig í, og mælist hann til þess, að sjer verði skilað aptur fje því, er hann telur ranglega af sjer heimtað. Takið þjer í þóknanlegu brjefi frá 25. nóvbr. f. á. fram, að áminnst sýning á tollskjöllum fyrir skipið «Amalie» verði tæplega lögleg talin, þar sem það sje Pjetur kaupmaður sjálfur, er skjölin hafi sýnd verið, og hafi hann eptir því átt að hafa eptirlit á, að hann bryti eigi sjálfur verzlunar- og toll-lögin, enda þótt honum væri til þess umboð veitt af sýslumanni. Af þessari ástæðu ætlið þjer, að það atriði verði að ráða úrslitum þessa máls, að lögleg rannsókn á skjölunum og áritun á þau hefði ekki getað farið fram fyr en að afloknu manntalsþinginu af hendi sýslumanns sjálfs, og leggið þjer það því til, að hin umbeðna endurborgun verði ekki veitt. En skyldi ráðgjafinn samt álíta áminnzta rannsókn skjálanna gilda gagnvart landsstjórninni, hafið þjer farið fram á það til vara, að hið borgaða tóbaksgjald verði, hvernig sem fer, ekki endurgoldið beiðandanum, því að tollskyldan fyrir tóbak lendi eigi á því, fyr en það sje flutt í land, en það hafi fráleitt verið gjört, fyr en að lögin um aðflutningsgjald af tóbaki voru búin að öðlast gildi á Borðeyri.

Út af þessu skal það þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar, að með því að tæplega muni þegar á allt er lítið, fært að rengja gildi skjalasýningar þeirrar, er fram hefir farið á lögmætan hátt af skipstjóra hendi fyrir þeim manni, er sýslumaður hafði veitt umboð til þess, þótt þessi maður væri mjög óheppilega valinn, með því að vínföng verður að telja innflutt jafnskjótt sem búíð er að sýna skjöl og skilríki fyrir skipinu, og með því að það loksins eigi er víst, að búíð hafi verið að þinglýsa lögnum 11. febr. 1876 um breytingu á tilskipun 26. febr. 1872 um gjald af brennivíni o. fl. áður en sýnd voru skjöl skipsins, verður að reikna hjer tollinn af hinum innfluttu vínföngum samkv. tilsk. 26. febr. 1872 og greiða því beiðandanum aptur það, sem um fram hefir heimtað verið. En að því er aptur á móti snertir hitt atriðið, að heimtað hefir verið af beiðandanum gjald af tóbaki því, er fluttist í sama sinn, verður ráðgjafinn að vera yður samdóma um það, herra landshöfðingi, að rjett hafi verið að gjöra það samkvæmt lögum um aðflutningsgjald af tóbaki 11. febr. 1876.

**49** — *Brjef innanríkisstjórnarinnar til landshöfðingja um ferðir gufuskipisins* 23. febr.

1) Sjá hið danska lagasafn Algreens Ússings XVI bls. 9. og dönsk lagatíðindi 1871 No. 6.

2) Sjá hið danska lagasafn Algreens Ússings XVI bls. 81. og dönsk lagatíðindi 1871 No. 28.

Arktúrusar — Til þóknanlegrar leiðbeiningar skal ekki undanfelld að gefa þjónustusamlega til vitundar, að gufuskipið »Arktúrus» mun á 4. ferð þess frá Íslandi leggja af stað frá Reykjavík 30. júlí þ. á. í stað hins 27. s. m., er tiltekinn er í ferða-áætluninni, og að skipið mun í öllum ferðunum frá Íslandi leggja af stað frá Reykjavík kl. 3 eftir hádegi hinn tiltekna burtfarardag í stað kl. 6 eða 8 fyrir hádegi, og er það gjört vegna þess, að það á að koma við á Vestmannaeyjum.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kennslu yfirsetu-<sup>49</sup>kvenna og um yfirsetu-áhöld.* — Þar sem hjeraðslæknirinn í 11. lækni-<sup>23. febr.</sup>hjeraði hafði mælt til þess, að sjer yrði veitt hæfileg þóknun úr landssjóði fyrir að hafa samkv. 5. gr. yfirsetukvennalaganna 17. desbr. f. á. kennt 3 yfirsetukonum, hafði þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 24. nóvbr. f. á. spurt um, hvort landlækni eða hlutaðeigandi hjeraðslæknum beri sjerstök þóknun fyrir slíka kennslu og yfirheyrslu; hafði þjer um leið beiðzt vísbendingar ráðgjafans um það, hvort kaupa megi samkvæmt 4. gr. laganna 17. desbr. 1875 á kostnað landssjóðs hin nauðsynlegu áhöld handa öllum yfirsetukonum, eða að eins handa þeim, er kennt er, eftir að lög þessi hafa öðlzt gildi, og hvort svo beri á að líta, sem áhöldin eigi að fylgja yfirsetu-sýslaninni, og beri því að skila þeim þeirri, er við tekur, er yfirsetukvennaskipti verða, eða ekki.

Út af þessu skal það þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að með því að kennsla yfirsetukvenna verður samkvæmt 5. gr. laganna 17. desbr. 1875 að telja með öðrum störfum læknisins í landsins þjónustu, og með því að eftir reglum þeim, er staðið hafa að undanfögnu og sem skylduðu landlækni til þess að segja yfirsetukvennaefnum til kauplaust, hefir eigi verið greidd nein þóknun fyrir þenna starfa, getur samkvæmt 1. lið 4. gr. laganna 14. oktbr. 1875 ekki heldur eftirleidis borið landlækni eða þeim 4 hjeraðslæknum, er 5. gr. laganna frá 17. desbr. 1875 felur á hendur kennslu yfirsetukvenna, nokkur börgun fyrir þetta. Þess er því næst að geta, að því er snertir skilninginn á 4. gr. nýnefndra laga, að eigi getur að dómi ráðgjafans leikið neinn efi á því, að hin nauðsynlegu áhöld beri að útvega handa öllum hjeraðsyfirsetukonum, er *skipaðar* eru samkvæmt lögnum, og hvort sem þær hafa fengið tilsögnina fyrir eða eftir að lögin öðluðst gildi, og að áhöldin verði að fylgja sýsluninni; en að öðru leyti verði að telja sjálfsgat að eigi verði farið að útvega aptur á kostnað almennings áhöld handa þeim yfirsetukonum, er kynnu að hafa í fyrri stöðu sinni fengið áhöld fyrir fje úr almennum sjóði, og þetta mun eiga sjer stað um allar þær, er notið hafa tilsagnar á foedingarstofnuninni.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um styrk til að gefa út<sup>51</sup> fornrít.* — Með þóknanlegu brjefi 2. desbr. síðastl. hafði þjer, herra landshöfðingi, sent<sup>24. febr.</sup> hingað bónarbrjef frá sóknarprestinum að Melstað, sira Þorvaldi Bjarnarsyni, ásamt álitskjali frá biskupinum á Íslandi, og fer beiðandi fram á, að sjer verði veittur 1000—1100 kr. styrkur úr landsjóði, til að gefa út hinar ágætustu óprentuðu þýðingar á «homilium» (þjedikunum) og «homiletiskum rítum» (biffiuskýringum) fornkirkjunnar, er handritasafn Árna Magnússonar hafi einkum að geyma. Hafði þjer tekið fram, herra landshöfðingi, að yrði hinn umbeðni styrkur veittur, mundi eiga að taka hann af þeim hlut fjárins, sem veitt er með 15. gr. fjárlaganna, er ráðgjafinn hefir umráð yfir, en segizt þó jafnframt vera fús á